



Bæjarstjóri Kópavogs,
Ásdís Kristjánsdóttir,
Bæjarskrifstofur Kópavogs.

Gjöf Soroptimistaklúbbs Kópavogs til Kópavogsbúa.

Soroptimistaklúbbur Kópavogs var stofnaður 4. júní 1975 og fagnar því 50 ára afmæli nú í ár. Stofnfélagar klúbbsins voru tuttugu konur í Kópavogi. Á þessum tímamótum vill klúbburinn heiðra minningu stofnfélaganna með því að tileinka þeim bekk, sem staðsettur verður við leiksvæðið hjá Gerðarsafni, með því að setja nöfn þeirra á skjöld sem festur verður á bekkinn.

Í tilefni af 70 ára afmæli Kópavogsbæjar var ákveðið á fundi Soroptimistaklúbbs Kópavogs að gefa Kópavogi bekkinn. Fyrirhugað er að allar klúbbsystur afhendi Kópavogsbæ gjöfina mánudaginn 12. maí 2025, kl. 17:30 við Gerðarsafn.

Það væri mikill heiður fyrir Soroptimistaklúbb Kópavogs ef Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs, sæi sér fært að taka á móti gjöfinni

Kópavogur 12. febrúar 2025

Anna Huguó Jónasdóttir,
formaður Soroptimistaklúbbs Kópavogs

Sigurrós Þorgrímsdóttir
f.h. afmælisnefndar.

Svar óskast: sigurrosth@gmail.com, sími 897-3390